

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Mál nr. 880

Reykjavík 29. apríl 2024

Umsögn Gildis – lífeyrissjóðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), 880. mál.

Líkt og fram kom í umsögn Gildis-lífeyrissjóðs í samráðsgátt styður sjóðurinn áform frumvarpsins og telur mikilvægt að frumvarpið verði að lögum hið fyrsta. Lagasetningin er að mati Gildis mikilvægt skref til að fjárfesting lífeyrissjóða á íbúðarhúsnæðisleigumarkaði sé raunhæfur langtíma fjárfestingarkostur fyrir lífeyrissjóði með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Með hliðsjón af túlkun fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands á 2. mgr. 36. gr. c. leggur Gildi til að í stað orðanna „Þá er lífeyrissjóði heimilt...“ að þá standi „Að því viðbættu er heimilt...“ í 1. gr. frumvarpsins. Breytingin er lögð fram til áréttingar á því að um sé að ræða viðbótarheimild til fjárfestingar en ekki takmörkun. Að mati Gildis er breytingin nauðsynleg til að forðast vafa við túlkun ákvæðisins hvort að í breytingunni felist einnig þrenging á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða, þ.e. að lífeyrissjóðum væri óheimilt að binda meira en 5% heildareigna í fjárfestingum sem féllu undir ákvæðið (það sem umfram 5% væri telst þá óskráð fjárfesting og fellur undir þann ramma).

Þá vekur Gildi athygli á að svo virðist sem farist hafi fyrir að gera ráð fyrir í 2. gr. frumvarpsins að fjárfesting lífeyrissjóða í félögum þar sem meginstarfsemin er langtímaleiga íbúðarhúsnæðis til einstaklinga kunnig að vera óbein í gegnum hluti eða hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sbr. 1. gr. frumvarpsins. Til að ná fram tilgangi frumvarpsins leggur sjóðurinn því til að 2. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að samhljómur sé á milli 1. gr. og 2. gr. og 2. gr. orðist því svo:

„Við 8. mgr. 36. gr. c laganna bætast við tveir þrír nýir málslíðir, svohljóðandi: Einnig er lífeyrissjóði heimilt að eiga stærri hlut en 20% í félagi þar sem meginstarfsemin er langtímaleiga íbúðarhúsnæðis til einstaklinga. Undir 2. málsl. falla jafnframt hlutir eða hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem fjárfesta eingöngu í hlutabréfum og skuldabréfum útgefnum af slíkum félögum. Hlutur lífeyrissjóðs skv. 2. og 3. málsl. má þó ekki vera stærri en 50% í slíku félagi eða sjóði um sameiginlega fjárfestingu.“

Gildi - lífeyrissjóður